

Spiegel: Þjóðverjar horfa í eigin barm

Eftir Styrmi Gunnarsson

Umræður um áhrif Þýskalands innan Evrópusambandsins halda áfram og ná nú í vaxandi mæli til Þjóðverja sjálfra. Þýzka tímaritið Der Spiegel, fjallar í ítarlegri grein um þessar umræður og stöðu Þýskalands, sem sumir kalla nú „Fjórða ríkið“ með tilvísun í þriðja ríki Adolfs Hitlers.

Spiegel segir að Þjóðverjar hafi ráðið ferðinni í evrukrísunni en Þýskaland sé sem dvergur, þegar komi að pólitískum áhrifum í alþjóðamálum. Í þeim efnum hafi höfnun þeirra á þátttöku í loftárásum á Líbýu markað viss þáttaskil og Frakkar hafi t.d. litið á þá ákvörðun sem skref aftur á bak.

Ákall um aukin afskipti Þjóðverja, sem hafi komið frá ríkjum í austurhluta Evrópu sé mótsögn við kvartanir um efnahagsleg áhrif þeirra.

Samlíking við þriðja ríkið eigi ekki við vegna þess að fjórða ríkið hafi hvorki áhuga á að beita valdi eða ýta undir rasisma. En Þjóðverjar vilji hins vegar græða peninga.

Það sé augljóst að Þjóðverjar stjórni evrusvæðinu en að vísu ekki án athugasemda frá öðrum.

Og Þjóðverjar hafi ekki bolmagn til að leysa öll vandamál annarra með peningum

En niðurstaða Spiegel er að Þýskaland eigi að sýna meira örlæti - og draga úr meiðandi ummælum um aðra og er þá m.a. vísað til orða Schauble, fjármálaráðherra um Grikki.